



Dagskráin í kirkjunni

haustið 2010

Keflavíkurkirkja kemur vel undan sumri. Starfsemin er fjölbreytt og er fer samfélagið í kringum kirkjuna sífellt vaxandi. Aðsókn í guðsþjónustur er að jafnaði góð og stór hópur sækir viðburði, námskeið og hópastarf á virkum dögum. Þeirri stefnu hefur verið fylgt fremsta megni – að safnaðastarfið sé vettvangur fyrir þá sem vilja miðla af kröftum sínum og hugmyndum til uppbyggingar. Við njótum góðs af þeim frábæra hópi sjálfbóðaliða sem hefur komið með krafti í kirkjustarfið og auðgað það til mikilla muna. Í fyrravor var Safnaðarfélag Keflavíkurkirkju stofnað og á fyrsta aðalfundinum var kjörin stjórn. Þann **16. september** verður haldinn fundur á vegum safnaðarfélagsins og er fólk hvatt til þess að mæta. Nú verður sú nýlunda að boðið verður upp á súpu gegn vægu gjaldi á hverjum sunnudegi, eftir guðsþjónustu. Sjálfbóðaliðar og prestar sinna allri vinnu við verkefnið. Fólk ætti því að gefa sér stund eftir messu og njóta góðra veitinga um leið og það skynjar að safnaðarheimilið er einmitt það sem nafnið gefur til kynna – heimili fyrir söfnuðinn.

Guðsþjónustur

Messað er **kl. 11:00 á hverjum sunnudegi** yfir veturinn í Keflavíkurkirkju. Guðsþjónustur hefjast með barnsamveru þar sem ungir og aldnir taka þátt í lestri og söng. Þegar líður á messuna fara börnin inn í safnaðarheimilið í fylgd fræðara en aðrir eru eftir í kirkjuskipinu. Fólk er hvatt til þess að gefa sér tóm að guðsþjónustu lokinni og njóta súpuveitinga í Kirkjulundi gegn framlagi.

Fyrsta sunnudag í mánuði og þegar mikið stendur til, eru kvöldguðsþjónustur. Þær hefjast **kl. 20:00** og eru gjarnan með öðru sniði en hinar hefðbundnu. Þær geta verið af ýmsum toga og eru fá takmörk fyrir því hvað mönnum dettur í hug í þeim efnum! Til umræðu er að hafa messu með **kántrí-tónlist** og **írsk messa** er einnig í bígerð. Af öðrum þemamessum má nefna:

Eide guðsþjónusta

Eide guðsþjónusta verður á **haustmánuðum**. Í þessari guðsþjónustu syngur Kór Keflavíkurkirkju lög sem Norðmaðurinn Sigfrid Eide hefur safnað saman úr ýmsum áttum. Má þar nefna lög frá Suður-Ameríku og Danmörku. Hljómsveitin *Talenturnar* leika undir.

U2 messa

U2 messa verður **7.nóvember klukkan 20:00**. Rafhljómsveit leikur undir „bonóiðskan“ söng Sigurðar Ingimarssonar. Kór Keflavíkurkirkju verður í gospelsögum þetta kvöldið. Allir textar eru íslenskaðir af séra Gunnari Sigurjónssyni.

Allra heilagra messa

Á allra heilagra messu, **31. október**, minnumst við látinna í tali og tónum. Sungið er hið forna tón **missae-angelis** og í predikuninni eru mörk lífsins í tíma hugleidd.

Einstakir viðburðir

Að vanda kryddum við dagskrána með ýmsum viðburðum.

Ljósanótt

Sunnudaginn 5. september kl. 12:00 er hátíð á túninu fyrir framan kirkjuna í tilefni ljósanætur. Þennan dag hefst barnastarfið formlega í vetur og verður að vanda dagskrá fyrir börnin með sögum og söng. Væntanlega mætir Rebbi á staðinn og segir frá viðburðum sumarsins! Pylsur verða grillaðar og efnt verður til hins vinsæla kirkjumarkaðar.

Fyrsta súpumessan!

Að lokinni guðspjónustu þann **12. september** hefst þátttaka sjálfbóðaliða í messustarfi vetrarins. Safnaðarfélagið býður upp á súpu og brauð í fjáröflunarskyni að sunnudagsmessum loknum. Auglýst er eftir sjálfbóðaliðum sem vilja taka þátt því starfi.

Aðalfundur safnaðarfélagsins

Eins og fram hefur komið er vöxtur í starfsemi safnaðarfélagsins. Stjórnin efnir til félagsfundar **16. september kl. 20:00 í Kirkjulundi** og verða þar opnar umræður um starf félagsins á komandi vetri. Fólk er hvatt til þátttöku í hugmyndavinnunni og minnt er á að engin krafa er frammi um vinnuframlag umfram áhuga og getu hvers og eins.

Skapandi forysta

Laugardaginn 2. október kl. 16:00 flytur Sigrún Sævarsdóttir Griffiths fyrirlestur í **Skálholtsdómkirkju** um Skapandi forystu (*Creative Leadership*), þar sem hún nýtir tónlist til þess að vinna með þau viðfangsefni sem leiðtogar þurfa að sigrast á í störfum sínum. Sigrún vinnur með Kór Keflavíkurkirkju og taka félagar úr kórnum þátt í framsetningunni. Skálholtsskóli og Kjalarnessprófastdæmi standa ásamt kirkjunni að viðburðinum.

Skálholtsferð sjálfbóðaliða

Helgina **2. og 3. október** verður ferð sjálfbóðaliða í Skálholt þar sem unnið verður að stefnumótun í starfi safnaðarins undir stjórn Kristins Þórs Jakobssonar meistaranema í mannauðsstjórnun við HÍ. Nánar verður fjallað um ferðina á fundi safnaðarfélagsins en sr. Skúli tekur að öðru leyti við fyrirspurnum á skuli@keflavikurkirkja.is Erindi Sigrúnar er liður í dagskránni þá helgina.

Námskeið

Mikið verður um námskeið í Keflavíkurkirkju nú á haustönn.

Lifandi steinar

Námskeiðið Lifandi steinar fjallar um innviði í kirkjulegu starfi, með það að marki að veita:

- innsæi í eðli guðspjónustunnar
- samfélag við aðra í söfnuðinum
- aukna trú á eigin möguleika og hlutverk
- meiri tengsl á milli trúar og daglegs lífs
- hjálp við að vinna með spurningar um trúna og lífið

Námskeiðið hefst þriðjudaginn **21. september** og verður alls sex kvöldstundir. Því lýkur **26. október**. Til viðbótar kvöldsamverum verður **langur laugardagur** sem verður kynntur nánar. Hjördís Kristinsdóttir og sr Skúli S. Ólafsson standa fyrir námskeiðinu.

Fræðslunámskeið til uppbyggingar

Keflavíkurkirkja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum efna til fjögurra skipta námskeiðs með það að marki efla þátttakendur á sem víðtækastan hátt.

Fræðslan fer fram á **fimmtudögum frá kl. 17-20**.

- **14. október:** Góðar venjur til árangurs og aukinna afkasta. Hvernig getum við tamið okkur árangursríkar venjur sem gera okkur kleift að sigrast á mótlæti og yfirstíga hindranir? María Ellingsen frá Háskólanum í Reykjavík hefur umsjón með dagskránni.
- **21. október:** Heilsa og heilbrigði. Starfsfólk HSS heldur námskeið um mataræði, hreyfingu, fovarnir og holla lífshætti.
- **28. október:** Fjármál og skipulag. Ráðgjafi hjá SPKEF ræðir kosti við sparnað og bættu meðferð fjármála. Lára Ómarsdóttir flytur sitt vinsæla erindi um það hvernig hún hefur getað staðið upprétt í miklum fjárhagsraunum og öðru mótlæti.
- **4. nóvember:** Kynning á hópum og félögum. Kaffihúsastemning verður í Kirkjulundi, þar sem fulltrúar bankaútibúa, félagsamtaka og hópa kynna starfsemi sína og ræða við áhugasama.

Umsjón hafa Hjördís Kristinsdóttir og sr. Skúli S. Ólafsson.

Bjarmi: samtök um sorg og sorgarviðbrögð

Samverur á vegum Bjarma verða fjórar talsins. Sú fyrsta er fimmtudaginn **11. nóvember og hefst kl. 20:00**. Umsjón hefur r. Sigfús Baldvin Ingvason.

Bænanámskeið

Leshópur um bænina verður á dagskránni á þriðjudagskvöldum kl. 20:00 seinna í haust. Lesin verður bókin *Úr heimi bænarinnar*. **Fyrsta samveran er 2. nóvember**. Sr. Sigfús Baldvin Ingvason stýrir samverunum.

Kyrrðarstundir í hádeginu

Hefjast miðvikudaginn **15. september kl. 12:10** og verða vikulega fram á aðventu. Prestarnir stýra samverum ásamt Arnóri Vilbergssyni organista. Leikmenn taka jafnframt virkan þátt í stundunum.

Foreldramorgnar

Eru á **miðvikudögum** og opnar húsið **kl. 10:00**. Fyrsta samveran er **15. september**. Sr. Erla Guðmundsdóttir stýrir samverunum.

Kóræfingar

Eru á **miðvikudagskvöldum kl. 18:00**. Arnór Vilbergsson stýrir æfingum og veitir allar upplýsingar í arnor@keflavikurkirkja.is

Coda-fundir

Eru á **mánudags- og föstudagskvöldum** í kirkjunni.

AA-fundir

Eru á **mánudagskvöldum** í kirkjunni.

Æskulýðsstarf í samvinnu við KFUM og KFUK

Vinadeild fyrir drengi og stúlkur í **1., 2. og 3. bekk**. Fundir eru á **Þriðjudögum kl. 14:00**

YD KFUK fyrir stúlkur í **4., 5. og 6. bekk**. Fundir eru á **Þriðjudögum kl. 17:00**

MD KFUK fyrir stúlkur í **7. og 8. bekk**. Fundir eru á **Miðvikudögum kl. 20:00**

UD KFUM og KFUK fyrir alla í **9. og 10. bekk**. Fundir eru á **Sunnudögum kl. 20:00**

MD KFUM fyrir drengi í **7. og 8. bekk**. Fundir eru á **Mánudögum kl. 20:00**

YD KFUM fyrir drengi í **4., 5., og 6. bekk**. Fundir eru á **Mánudögum kl. 17:30**

Allir fundir eru haldnir í félagsheimili KFUM og KFUK að **Hátúni 36**.

Feringarfræðslan

Nú er feringarfræðslan komin á fullan skrið en ungmennin halda í september í Vatnaskóg í tveimur hópum. Þeir sem eiga eftir að skrá sig ættu ekki að bíða með það. Á heimasíðu Keflavíkurkirkju má nálgast upplýsingar um dagskrána, sjá:

<http://keflavikurkirkja.is/AEskulydsstarf/Feringar/>

Velferðarsjóður á Suðurnesjum

Samfélagið okkar mætir miklum mótbyr þessi misserin, og á sama tíma er sá hópur stór sem á um sárt að binda sökum atvinnuleysis og fátæktar. Velferðarsjóður á Suðurnesjum hefur á sama tíma vaxið jafnt og þétt. Þer það með sér hversu mikil samkenndin er hér á svæðinu og margar örlátar hendur. Fólk er hvatt til þess að leggja framlög í sjóðinn. Sjá:

<http://keflavikurkirkja.is/Kaerleiksthjonusta/Velferdarsjodurinn/>

Jólafasta í Keflavíkurkirkju

Stofnunum, fyrirtækjum og félögum stendur til boða að hafa eigin samveru í kirkjunni á aðventunni. Dagskráin hefst inni í kirkjunni en þaðan er svo haldið í safnaðarheimilið þar sem boðið er upp á léttar veitingar og fræðslu um aðventuna og jólin. Gestir eru hvattir til þess að leggja fram styrk í Velferðarsjóðinn. Prestar og starfsfólk Keflavíkurkirkju veitir nánari upplýsingar.

Keflavíkurkirkja | Kirkjuvegi 25, 230 Keflavík | Sími: 420 4300 |
Fax: 420 4305 | Netfang: keflavikurkirkja@keflavikurkirkja.is.

<http://keflavikurkirkja.is/>